

Fyrirspurn varðandi Gilsbakka 1, bílskúr

Til : Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>
Frá : Kjartan Thors <thors.kjartan@gmail.com>
Heiti : Fyrirspurn varðandi Gilsbakka 1, bílskúr
Málsnúmer : 2207014
Málsaðili : Kjartan Thors ehf.
Skráð dags : 04.07.2022 14:46:24
Höfundur : Kjartan Thors <thors.kjartan@gmail.com>

Þakka þér Elfar fyrir gagnlegar leiðbeiningar á fundi okkar í dag, 4.júlí.

Nú vil ég leggja fram formlega fyrirspurn til Vesturbyggðar um fundarefni dagsins.

Ég hef áhuga á að byggja tvöfaldan bílskúr á lóðinni Gilsbakka 1 á Bíldudal. Útlínur grunnflatar hans yrðu þær, sem sýndar eru á teikningu með lóðarsamningi frá 20. október 1988. Ég hef kynnt hugmyndina fyrir Tryggva Bjarnasyni, eiganda Gilsbakka 3, og hann gerir engar athugasemdir við þetta áhugamál mitt. Fyrirspurn mín er hvort sveitarfélagið vill gera athugasemdir á þessu stigi málsins, áður en ég fer lengra með það. Ég myndi svo síðar sækja formlega um leyfi til framkvæmda á grundvelli teikninga af mannvirkinu.

Ég vil taka fram, að formlega er félag mitt, Kjartan Thors ehf, eigandi Gilsbakka 1, og ég vænti þess, að félagið yrði framkvæmdaaðili.

Með bestu kveðju,
Kjartan Thors

--

Kjartan Thors
Kjartan Thors ehf
Aðallandi 18
108 Reykjavík, Iceland
Mobile.+354 897 8222